2026 15. árgangur · 1. tölublað

KARRINN

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar



Hríseyjarfréttir | Viðburðadagatal hrisey.is

Leiðari

Eftir nokkurra ára dvala kemur Karrinn nú út aftur, stútfullur af jákvæðum fréttum úr Hrísey. Desember er viðburðaríkur mánuður í Hrísey eins og sjá má á viðburðadagatalinu sem finna má í miðju blaðsins og tilvalið að hengja upp á vegg. Alla viðburði má einnig finna á hrisey.is.

Með von um að þið njótið lestursins og aðventunnar í eyjunni fögru.
Ritstjórn Karrans, Ingólfur og Linda María

Forsíðumynd: Gestur Leó Gíslason

Ferðamálafélag Hríseyjar

Starfsemi Ferðamálafélags Hríseyjar hefur verið með hefðbundnum hætti á árinu. Grautardagarnir eru enn á dagskrá síðan 2008 og höfum við ákveðið að hafa þá á virkum degi kl. 18.00 því aldrei hefur verið mætt betur eins og í þau skipti sem við höfum prófað þetta fyrirkomulag. Fólk er mjög ánægt með að sleppa við að elda kvöldmatinn einu sinni í mánuði yfir veturinn. Þorrablóts grauturinn mun þó verða á þorrablóts deginum eins og venjulega. Félagið réði að vanda tvo sumarstarfsmenn, annars vegar í Hús Hákarla-Jörundar og hins vegar við umsjón og þrif á almenningssalernum. Ráðningar tímabilið er þrír mánuðir fyrir bæði störfin. Hinsegin dagar og Hríseyjarhátíð voru á sínum stað og tókust báðar hátíðirnar mjög vel að allra mati. Félagsstarf 60+ var í Húsi Hákarla-Jörundar síðasta vor á þriðjudagsmorgnum og er farið af stað aftur, heitir núna Félagsstarf fólksins og eru allir velkomnir. Heitt kaffi á könnunni og meðal annars verið að fara yfir gamlar myndir sem verða skannaðar hjá Minjasafninu á Akureyri og verður þá hægt að sýna þær á skjá í safninu. Af Holti er það að frétta að búið er að skipta um glugga í kjallaranum. Verður því aftur í boði að fara og skoða Holt en það var lokað í allt sumar vegna framkvæmdanna.

Stjórn Ferðamálafélagsins óskar öllum íbúum, sumarhúsaeigendum og gestum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Linda María Ásgeirsdóttir, Ingimar Ragnarsson, Þröstur Jóhannsson
og Þórunn Björg Arnórsdóttir.

Sóknarnefnd Hríseyjarkirkju

Kæru Hríseyingar, nær og fjær. Í apríl tók ný sóknarnefnd Hríseyjarkirkju til starfa. Fráfarandi nefnd skipuðu Narfi Björgvins, Rósa Kára og Guðrún Þorbjarnar og þökkum við þeim kærlega fyrir störf þeirra í þágu kirkjunnar. Nýju sóknarnefndina skipa Hrund, Díana Björg og Sigfús Páll. Við hlökkum til góðs samstarfs við sóknarbörn og aðra vini kirkjunnar. Hríseyjarkirkja á sinn stað í lífi margra, bæði á gleðistundum og þegar sorgin sækir að. Okkur þykir vænt um kirkjuna og viljum halda vel utan um starfið þar í góðri samvinnu við ykkur. Viljum við þakka kærlega fyrir allar gjafir og styrki til kirkjunnar og þau sjálfboðastörf sem unnin hafa verið í hennar þágu. Stuðningur ykkar og hlýhugur eru okkur mikils virði.

Við minnum á aðventustund í kirkjunni laugardaginn 28. nóvember kl. 16 og verður kveikt á leiðalýsingu í framhaldinu. Á jóladag verður hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00. Sr. Oddur Bjarni þjónar og Þórður Sigurðarson leiðir almennan safnaðarsöng. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest og eiga saman góðar stundir. Við óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegrar aðventu, friðsælla jóla og gæfuríks komandi árs. Kærar þakkir fyrir stuðninginn og samveruna á árinu.

Hlýjar kveðjur,
Sóknarnefnd Hríseyjarkirkju

Krossfarar - leiðalýsing

Krossfarar Hríseyjar annast uppsetningu ljósakrossanna á leiðum í kirkjugarðinum fyrir jólin. Krossfararnir eru þeir Björgvin Páls, Kristinn og Almar. Kveikt verður á leiðalýsingu að lokinni aðventustund í Hríseyjarkirkju laugardaginn 28. nóvember kl. 16. Alls eru krossarnir rúmlega 90 talsins og búið að endurnýja þá mikið síðustu ár, er öll lýsing komin í LED. Þeir sem hafa leigt krossa undanfarin ár þurfa aðeins að tilkynna ef þeir hyggjast hætta lýsingu, annars eru krossar settir á sömu leiði milli ára. Gjald fyrir hvern kross er 3.000 kr. Panta má leigu á nýjum krossum hjá Kristni í síma 695-1968

Með þökk fyrir stuðninginn.
Jólakveðja. Krossfarar Hríseyjar.

Kvenfélag Hríseyjar

Kæru Hríseyingar,

Kvenfélag Hríseyjar var stofnað 3. apríl 1942 og hefur því starfað í eyjunni í rúm 84 ár. Í dag eru um 57 konur í félaginu. Við í stjórninni erum afar stoltar af félaginu, bæði sem félagsskap fyrir konur í eyjunni og af því sem við getum látið af okkur leiða til samfélagsins.

Ef ekki væri fyrir þann frábæra stuðning sem við fáum frá samfélaginu þá gætum við ekki haldið uppi jafn öflugu starfi og raun ber vitni. Árlega styrkir Kvenfélag Hríseyjar ýmis góðgerða- og samfélagsmál, bæði í eyjunni og utan hennar. Á þessu ári höfum við t.d. styrkt Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis, Stígamót, Hríseyjarkirkju, Hríseyjarhátíðina og Hríseyjarskóla svo eitthvað sé nefnt. Það er alltaf gaman að sjá hvað margir mæta á viðburðina okkar, eins og kökubasarinn á skírdag, kaffisöluna á sjómannadaginn og á Hríseyjarhátíðinni, vinakaffi og fleira.

Í október á þessu ári fórum við í fyrstu utanlandsferð Kvenfélagsins, þegar um 20 konur skelltu sér saman til Porto í Portúgal. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og við munum svo sannarlega endurtaka leikinn eftir einhver ár.

Fastur liður hjá okkur í desember er félagsfundurinn 1. desember, sem er alltaf mjög skemmtilegur en þá hittumst við og gerum okkur glaðan dag.

Við hvetjum allar konur sem hafa áhuga á að ganga í félagið til að hafa samband við einhverja í stjórninni og við bjóðum ykkur velkomnar í félagið. Með kæru þakklæti fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða.

Aðventukveðjur frá stjórn Kvenfélags Hríseyjar,
Júlía, Þórunn og Dröfn

Íþróttamiðstöðin í Hrísey

Opnunartímar jól og áramót:

23. - 26. des	Lokað
27. - 28. des	13:00 - 16:00
29. - 30. des	15:00 - 19:00
31. des - 1. jan	Lokað

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

28. desember	14 - 16
29. desember	13 - 18
30. desember	13 - 18
31. desember	11 - 16

Með fyrirfram þakkir fyrir stuðninginn.

Hríseyjarferjan Sævar

Áætlun jól og áramót

Aðfangadagur og gamlársdagur

Frá Hrísey	09:00	11:00	13:00	15:00
Frá Árskógssandi	09:30	11:30	13:30	15:30

Jóladagur og nýársdagur

Frá Hrísey	11:00	13:00	17:00	21:00
Frá Árskógssandi	11:30	13:30	17:30	21:30

Aðrir dagar samkvæmt núgildandi áætlun.

Nánar á hrisey.is/ferjan og ferjur.is/saevar
Síminn í ferjunni er 695 5544

Viðburðadagatal

Viðburðadagatalið má einnig finna á hrisey.is.

28. nóv kl. 16:00
Aðventustund í Hríseyjarkirkju
Kveikt verður á leiðalýsingu í kirkjugarðinum að stund lokinni.



28. nóv kl. 18:00
Jólahlaðborð á Verbúðinni 66
Húsið opnar kl. 18 með fordrykk, matur hefst kl. 19.



29. nóv kl. 13:00
Jólaföndur foreldrafélagsins
Í Hríseyjarskóla. Nemendaráð selur vöfflur og heitt kakó.



29. nóv kl. 18:00
Jólaljósin tendruð á jólatrénu
Á hátíðarsvæðinu. Að því loknu verða jólasmákökur og heitt súkkulaði í búðinni.



4. des kl. 21:00
Jólabjórasmakk á Verbúðinni 66
Verð kr. 2.500.



5. des kl. 18:00
Jólahlaðborð á Verbúðinni 66
Húsið opnar kl. 18 með fordrykk, matur hefst kl. 19.



8. des kl. 18:00
Möndlugrautur í Hlein
Allir velkomnir.



10. des kl. 18–21
Jólarölt í Hrísey
Opið í Gallerí Perlu, Hríseyjarbúðinni, Húsi Hákarla-Jörundar og Verbúðinni 66.



12. des kl. 14–17
Jólamarkaður á Verbúðinni 66
Þeir sem vilja vera með hafi samband við Lindu Maríu í síma 467-1166.



16. des kl. 18–21
Kertakvöld í sundlauginni
Sundlaug Hríseyjar býður upp á jólastemningu við kertaljós og jólatónlist.



23. des kl. 18:00
Skötuveisla á Verbúðinni 66
Á Þorláksmessu.



25. des kl. 14:00
Hátíðarguðsþjónusta í Hríseyjarkirkju
Sr. Oddur Bjarni þjónar og Þórður Sigurðarson leiðir almennan safnaðarsöng.



26. des kl. 14:00
Jólatrésskemmtun ungmennafélagsins
Í íþróttamiðstöðinni. Vöfflukaffi eftir dansinn. Viðurkennig veitt fyrir fallegar jólaskreytingar.



28. des kl. 17 / 21:30
Jólabingó björgunarsveitarinnar
Íþróttamiðstöðinni. Barnabingó kl. 17.00. Fullorðinsbingó (18 ára og eldri) kl. 20.30.



30. des kl. 20:00
Félagsvist á Verbúðinni 66
Við ætlum að gefa í eina félagsvist, í boði verður að mæta fyrr og fá upprifjun eða smá kennslu.



31. des kl. 20:30
Áramótabrenna gamlárskvöld
Staðsetning verður auglýst þegar nær dregur.



Hríseyjarbúðin

Almennur opnunartími (1.-22. desember)

Mánudaga - fimmtudaga	12 - 13 & 16 - 18
Föstudaga	12 - 13 & 16 - 20 (pizzur 18-20)
Laugardaga og sunnudaga	12-16

Opnunartími yfir jól og áramót

23. desember	Þorláksmessa	12 - 18
24. desember	Aðfangadagur	10 - 12
25. desember	Jóladagur	Lokað
26. desember	Annar í jólum	Lokað
27. desember		12 - 16
28. desember		12 - 13 & 16 - 18
29. desember		12 - 13 & 16 - 18
30. desember		12 - 13 & 16 - 18
31. desember		10 - 12
1. janúar		Lokað
2. janúar		Lokað

Verslum í heimabyggð - verið ávallt velkomin í Hríseyjarbúðina.

Verbúðin 66

Opnunartími 1. desember - 31. desember

2. desember	Súpuhádegi	12.00 - 13.30
4.desember	Jólabjórasmakk	21.00 opið frá 18.00
5.desember	Jólahlaðborð	Fullbókað
9. desember	Súpuhádegi	12.00 - 13.30
10. desember	Jólarölt	18.00 - 21.00
12. desember	Jólamarkaður	14.00 - 17.00 opið til 22.00
16. desember	Súpuhádegi	12.00 - 13.30
23. desember	Skötuhlaðborð	18.00 - 21.00
30. desember		17.00 - félagsvist kl. 20.00

Gallerí Perla

Kæru Hríseyingar og vinir eyjunnar,
Það ættu nú flestir lesendur Karrans að kannast við okkur perlurnar í Gallerí Perlu. Þar seljum við hönnun og handverk sem er búið til hér í eyjunni. Árið hefur verið viðburðaríkt hjá okkur. Í sumar stofnuðum við Hönnunar- og handverksfélag Hríseyjar formlega, en það rekur galleríið, og í haust höfum við unnið að nýju merki. Galleríið er líka komið á Facebook undir nafninu Gallerí Perla. Þar segjum við frá því sem er á döfinni og kynnum perlurnar, eina af annarri. Nú er líka kominn posi, svo hægt er að borga með korti. Á aðventunni verðum við með í tveimur viðburðum hér í Hrísey:
Aðventurölt fimmtudagskvöldið 10. desember. Þá verður opið hjá okkur frá kl. 18 til 21, og auk okkar venjulega vöruúrvals verður einnig hægt að kaupa heitt kakó, kaffi og smákökur.
Jólamarkaður á Verbúðinni laugardaginn 12. desember. Perlurnar verða þar með vörurnar sínar eins og venjulega.
Við þökkum öllum sem hafa litið inn, keypt af okkur og hvatt okkur áfram. Við hlökkum til að sjá ykkur í desember og aftur þegar við opnum næsta sumar.
Gleðileg jól og farsælt komandi ár,

Perlurnar í Gallerí Perlu
Dröfn, Hanna Eyrún og Matta

Foreldrafélag Hríseyjarskóla

Foreldrafélag Hríseyjarskóla stendur fyrir nokkrum viðburðum og styður við skólastarfið á ýmsan hátt. Í vor var til að mynda farin leikhúsferð á Dalvík og snædd pizza á Baccalá Bar á Hauganesi.

Jólaföndur félagsins verður haldið 29. nóvember kl. 13.00. Þar gefst kostur á að föndra ýmislegt og nemendaráð selur vöfflur og heitt kakó. Félagið sér einnig um öskudagsball og kökuhlaðborð á árshátíð skólans. Fyrir konudaginn verða konudagsblóm seld og 6. febrúar, um þorrablótshelgina, verður kökubasar til styrktar ferðasjóði nemenda og foreldrafélaginu.

Jólakveðjur frá stjórn foreldrafélagsins,
Sigfús Páll og Huldís Ósk

Þróunarfélag Hríseyjar

Þróunarfélag Hríseyjar var stofnað í júní 2023 í framhaldi af byggðaþróunarverkefninu „Áfram Hrísey“ og hefur það meginmarkmið að styðja við atvinnu-, byggða- og íbúaþróun í eyjunni. Félagið hlaut styrk að upphæð 1.000.000 kr. úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra árið 2025 fyrir verkefnið Upplifunarferðaþjónusta og hótelbygging í Hrísey og var verkefnið kynnt á aðalfundi félagsins síðasta vor. Félagið hlaut styrk frá innviðaráðuneytinu að upphæð 2.640.000 kr. til að styðja við uppbyggingu á Fjarbúðinni í samstarfi við Akureyrarbæ en veittir voru 26 styrkir til uppbyggingu á vinnustaðaklösum á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um félagið og verkefni þess má nálgast á hrisey.is/throunarfelag. Þar er til að mynda verkefnalýsing á hótelverkefninu, fjárfestakynning og hugmyndir að lógói fyrir mögulega hótelbyggingu í eyjunni, sem vissulega er langtímaverkefni, en einhversstaðar þarf að byrja þá vinnu.

Fjarbúðin

Fjarbúðin er fjarvinnu- og fjarnámssetur, staðsett í Hlein. Aðstaðan er rekin í samstarfi Akureyrarbæjar og Þróunarfélags Hríseyjar og býður upp á vinnupláss til skemmri eða lengri tíma fyrir fjarvinnu, skrifstofustörf og fjarnám. Aðstaðan var tekin í gegn vorið 2025 og á Hríseyjarhátíð 2025 var tilkynnt um niðurstöðu úr nafnasamkeppni fyrir aðstöðuna. Fyrir valinu varð „Fjarbúðin“ en tvö stungu upp á því heiti; þau Hallgrímur Helgason rithöfundur og Anna Guðmundsdóttir.

Í tengslum við styrkveitingu frá innviðaráðuneytinu hefur verið ákveðið að stækka Fjarbúðina og bæta við fleiri skrifborðum í suðurhlutanum á Hlein og mun þá skrifstofa Akureyrarbæjar verða færð inn í gömlu sveitastjóraskrifstofuna sem er inn af núverandi skrifstofu. Það eru því spennandi tímar framundan í Fjarbúðinni sem hefur verið vinsæl fyrir skammtímaútleigu í kringum jól, páska og yfir sumartímann. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í tölvupósti á netfanginu fjarbudin@akureyri.is fyrir bókanir og nánari upplýsingar.

Björgunarsveit Hríseyjar

Björgunarsveitin vill þakka kærlega fyrir stuðninginn við sölu á neyðarkallinum og vill vekja athygli á flugeldasölunni sem verður á sínum stað fyrir áramótin. Starfsemin hefur verið heldur róleg á þessu ári en fastir liðir eru páskabingó, sjómannadagurinn, sala á neyðarkallinum, jólabingó og flugeldasala. Fulltrúi úr sveitinni hefur verið duglegur að sækja viðburði hjá Landsbjörgu eins og menntabúðir, námskeið í rústabjörgun, Björgun ráðstefnuna og fulltrúaráðsfund. Á nýju ári munum við fara af stað í kraftmeira starf og bjóðum við nýja félaga velkomna. Til stendur að fara af stað með unglingastarf sem hefur verið rætt lengi og kominn tími til að prófa það.

Stjórn Björgunarsveitar Hríseyjar óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, vonumst til að sjá ykkur öll á jólabingóum og að sjálfsögðu á flugeldasölunni.

Hverfisráð Hríseyjar

Hverfisráð Hríseyjar hefur það hlutverk að vera ráðgefandi um málefni Hríseyjar gagnvart bæjarstjórn og starfsfólki Akureyrarbæjar. Það kemur sjónarmiðum, óskum og ábendingum íbúa á framfæri við bæjaryfirvöld ásamt því að veita umsagnir um mál sem tengjast eyjunni. Síðasta sumar var grillhúsið á hátíðarsvæðinu klárað og á árinu var sjósundstigi við Sæborgarfjöru endurbættur. Malarvinnsla var í námunni síðasta vetur sem ráðið hafði ítrekað óskað eftir. Í vinnslu er nýtt deiliskipulag fyrir svæðið ofan núverandi byggðar en ráðið hefur hvatt til þess að sveitarfélagið auki framboð af lausum lóðum í eyjunni. Hverfisráð þrýsti á erindi frá Hríseyjarskóla og Ungmennafélaginu Narfa varðandi byggingu sparkvallar sem hefur nú verið samþykkt í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2027. Lesa má fundargerðir hverfisráðs á akureyri.is og fylgjast þar með þeim málum sem hverfisráð hefur til umfjöllunar.

Við óskum öllum Hríseyingum gleðilegra jóla og farsældar og gæfu á nýju ári.
Ingólfur, Júlía Mist og Narfi Freyr

Ungmennafélagið Narfi

Íþróttaæfingar, tómstundir, viðburðir og samfélagsverkefni hafa einkennt starfsemi ungmennafélagsins Narfa undanfarin ár. Félagið heldur úti íþróttaæfingum fyrir börnin í Hrísey, bæði sumarnámskeið og æfingar í íþróttahúsinu yfir vetrartímann. Félagið hefur ýtt úr vör verkefnum eins og félagsmiðstöð fyrir unglinga og dundstund fyrir yngri börn sem nú er orðið hluti af starfi Hríseyjarskóla. Félagið sinnir margskonar samfélagsverkefnum með styrkjum, vinnuframlagi og búnaðarkaupum. Það höfum við að hluta til fjármagnað með dósasöfnun þar sem ungmenni hafa farið um eyjuna, safnaðdósum og þeim svo skilað í endurvinnslu á Akureyri. Ákveðið hefur verið að stofna sérstakan ,,Samfélagssjóð Ungmennafélagsins Narfa“ og mun innkoma úr dósasöfnun fara í þann sjóð sem sérstaklega verður eyrnamerktur samfélagsverkefnum. Félagið hefur nú tekið yfir dósasöfnun á gámasvæðinu af Hríseyjarbúðinni en í staðin hefur félagið veitt búðinni veglegan styrk. Við höfum styrkt Hríseyjarskóla á ýmsan hátt, nú síðast með kaupum á púslum, heyrnartólum fyrir nemendur í yngri deild og þráð í þrívíddarprentara. Viljum við þakka öllum þeim sem hafa gefið okkur dósir og styrkt félagið með einum eða öðrum hætti og minnum á að við tökum við dósum allt árið. Jóladagskrá félagsins verður með hefðbundnu sniði, tekið verður á móti jólapósti og samið við jólasveina um útburð á honum á Þorláksmessu. Árleg jólatrésskemmtun verður í Íþróttamiðstöðinni annan dag jóla.

Óskum við Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Dagatal Ungmennafélagsins

Líkt og undanfarið mun ungmennafélagið gefa út dagatal fyrir árið 2027, myndskreytt með fallegum myndum úr Hrísey. Verð 3.500 kr. Gengið verður í hús í Hrísey og einnig verður dagatalið til sölu í Hríseyjarbúðinni.

Jólaljósaviðkenning

Veitt verður viðurkenning fyrir fallegar jólaskreytingar á jólaballinu 26. desember kl. 14.